

Ed.

119. Breytingartillaga

[10. mál]

við frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Kaupgjaldsvisitala hvers mánaðar reiknast eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, og skal greiða verðlagsuppbót á laun samkvæmt því.

Til vara:

Aftan við 2. mgr. bætist nýr málsl.:

Nú eru gerðir kjarasamningar almennt milli atvinnurekenda og launþega um, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu hvers mánaðar, er reiknuð sé eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, og skal þá sama gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna samkvæmt lögum þessum.